

Lög

um breytingu á lögum um vitamál, nr. 132/1999.

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Til að standa straum af kostnaði við rekstur og framkvæmdir á vegum Siglingastofnunar Íslands skal greitt vitagjald af skipum sem sigla við Íslandsstrendur og hafa hér viðkomu. Heimilt er að færa fjármagn á milli fjárlagaára.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 7. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðarinnar „78,20 kr.“ kemur: 125,12 kr.
- b. Í stað fjárhæðarinnar „3.500 kr.“ kemur: 4.900 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 19. desember 2009.